

að ákveða merkin eftir þeirri línu, þar til hún sker núverandi afrennsli Bugsvaðals ytri, sem síðan ræður til sjávar.

Eftir þessum úrslitum þykir eðlilegt, að málsaðiljar beri hver sinn kostnað af málinu.

Dóminn kvað upp Jón S. Magnússon, fulltrúi sýslumanns, ásamt meðdómsmönnum Gísla Kjartanssyni dómarafulltrúa, Borgarnesi, og Þráni Bjarnasyni oddvita, Hlíðarholti í Staðar-sveit.

Dómsorð:

Landamerki milli Fróðár og Ytri-Bugs skulu vera bein lína úr hornmarksvörðu, sem er hornmerki milli Arnarhóls og Ytri-Bugs, í merki á Engjaodda (punktur A 1), og er sú lína í beinu framhaldi af línu úr suðausturhorni í vestri brúarstöpli Fróðár í fyrrnefnda hornmarksvörðu. Frá merkinu á Engjaodda (punktur A 1) ræður bein lína með stefnu í miðjan grasigróinn stóran klett, sem stendur einn sér í túnjaðri Ytri-Bugs, ofan við rífið, vesturundir Rauðabergi, þar til hún sker núverandi afrennsli Bugsvaðals ytri, og ræður það síðan til sjávar þar, sem það rennur við Rauðaberg.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 2. júlí 1979.

Nr. 164/1976. **Sigfús H. Vigfússon, eigandi Geirlands,**
(Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

Jóni Pálssyni, eiganda Prestbakka, og
Þorbergi Jónssyni, eiganda Prestbakkakots
(Sigurður Ólason hrl.).

Landaemerkjamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. september 1976, að fengnu áfrýjunarleyfi 18. ágúst 1976. Kröfur áfrýjanda eru, „að landamerki jarðanna Prestbakka og Prestbakkakots annars vegar og Geirlands hins vegar verði frá Þverá ákveðin samkvæmt línu, sem hugsast dregin frá svonefndum Stekkhamri (austast í hömrnunum svörtu fyrir ofan Stekkinn) um toppinn á Akurhóli í austurmarkalínu Kirkjubæjarklausturs — hornpunkt Klausturmarks — með fráviki frá beinni línu vegna túns, sem stefndu hafa ræktað í nánd Akurhóls, eftir línunum A, B, C, D og F á uppdrætti gerðum af Skúla Jóhannssyni verkfræðingi 31. jan. 1979.“ Auk þess er krafist málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu in solidum, eins og málið hefði ekki verið gjafvarnarmál í héraði.

Stefndu krefjast staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Ýmis ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Þar á meðal er uppdráttur sá, sem getið er í kröfugerð áfrýjanda. Er á uppdráttinn mörkuð lína sú, sem áfrýjandi krefst fyrir Hæstarétti, að viðurkennd verði landamerki milli jarða málsaðilja. Þá er og þar dregin lína samkvæmt varakröfu áfrýjanda fyrir héraðsdómi. Ekki er þessi krafa höfð uppi fyrir Hæstarétti. Enn eru á uppdrættinum sýnd austurmörk Geirlandsáraura samkvæmt athugunum Jóns Jónssonar jarðfræðings. Meðal gagna, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, er einnig uppdráttur í mælikvarðanum 1:50.000, prentaður 1956, þ. e. „herforingjaráðskort“ nr. 78. Á uppdrátt þennan hafa aðiljar þessa dómsmáls og Matthías Ólafsson á Breiðabólstað markað ýmsar línur, sem getið er í málsskjölum, og ritað skýringar. Eigendur og ábúendur Kirkjubæjarklausturs, Lárus Siggeirsson og Valdimar Lárusson, hafa ritað athugasemd á uppdráttinn, og segir þar m. a.: „... verulegur ágreiningur er um, hvað sé átt við með opinn Stjórnarfoss sem norðurmark, sömuleiðis er ágreiningur um suðurlínu“. Meðal gagna þeirra, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, er einnig afsal, undirritað af áfrýjanda 24. ágúst 1943, þar sem hann afsalar nafngreindum manni „ógróinni land-

spildu á svokölluðum Stjórnarsandi“. Í afsalinu segir, að mörk milli landspildu þessarar og Geirlands séu „núverandi farvegur Stjórnar, og á Geirland því nú ekkert land handan Stjórnar“.

Ragnar Árnason mælingaverkfræðingur hefur að tilhlutan Hæstaréttar sett dómlínu héraðsdóms, sem einnig verður dómlína Hæstaréttar, svo sem síðar greinir, inn á uppdrátt Skúla Jóhannssonar. Hefur Ragnar markað dómlínuna með þremur punktum sem hér segir samkvæmt skýrslu hans:

- „Punktur X: 75 metra austan við norðausturhorn á íbúðarhúsi í Mörtungu I (Neðri Mörtungu), mælt í beinu framhaldi af norðurhlið hússins.
- Punktur Y: 26 metra austan við vesturbrún á suðurenda austasta steypa stöpulins undir brúnni yfir Geirlandsá hjá Mosum, mælt í beinu framhaldi af suðurbrún brúarinnar.
- Punktur Z: 64,5 metra austan við norðausturhorn á steinsteypum grunni undir sumarhústað í Hæðagarðslandi sunnan Skaftár mælt í beinu framhaldi af norðurhlið grunnsins.“

Þá segir enn fremur í skýringum Ragnars Árnasonar:

„Í þeirri svokölluðu Akurhólslínu, sem sýnd er á uppdrætti Skúla Jóhannssonar, var mæld fjarlægðin frá syðri brún þjóðvegur (vegur ca. 7 m breiður) að Breiðbalakvísl. Reyndist hún vera 915 m eftir línunni fram á gróinn bakka, en frá honum voru um 12 m fram í vatnsborð Breiðbalakvíslar hinn 23. 6. 1979. Ástæða er til að taka fram, að Akurhólslínan er ekki skýrt afmarkanleg í landinu, þar sem endapunktur er ónákvæmur við Stekkjarhamar.

Þá var mæld fjarlægðin frá syðri vegarbrún þjóðvegur (vegur ca. 6 m breiður) að Breiðbalakvísl eftir þeirri dómlínu héraðsdóms, sem að ofan er lýst. Reyndist hún vera 829 m fram á syðsta hálfgróna bakkann (en þó voru vatnslænur á milli), en frá bakkanum voru 129 m um lausa aura að vatnsborði Breiðbalakvíslar hinn 24. 6. 1979. Fjarlægðin milli þeirra lína, sem mældar voru, mæld í syðri vegarbrún, reyndist vera 526,5 m.“

Í máli þessu er deilt um landamerki milli jarðarinnar Geirlands á aðra hlið og jarðanna Prestbakka og Prestbakkakots á hina. Verður eigi í málinu dæmt um merki jarða þessara og Kirkjubæjarklausturs. Ekki verður heldur um það fjallað, hvort merki séu milli jarða málsaðilja sunnan Breiðbalakvíslar eða hvar þau merki séu, ef svo er. Er sú niðurstaða á því byggð, sem segir í fyrrgreindu afsali frá áfrýjanda 1943, svo og á því, að dómkröfur aðilja í héraði voru aðeins um merki suður að Breiðbalakvísl, og í áfrýjunarstefnu var ekki krafist úrlausnar um merki sunnan árinna.

Af ástæðum þeim, sem greinir í héraðsdómi, verður ekki fallist á kröfu áfrýjanda um viðurkenningu á landamerkjalinu, sem miðast við Akurhól. Verður fallist á, að merkjalínan frá Þverá að Breiðbalakvísl skuli vera sú, sem landamerkjadómur Skaftafellssýslu ákvað, svo sem Ragnar Árnason hefur nánar markað hana á uppdrátt Skúla Jóhannssonar og fyrr er lýst.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað og gjafsóknarkostnað.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 250.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Landamerki jarðanna Prestbakka og Prestbakkakots annars vegar og Geirlands hins vegar skulu vera bein lína frá Þverá að Breiðbalakvísl, og skal stefna línunnar markast samkvæmt framansögðu af punktum X, Y og Z á uppdrætti Skúla Jóhannssonar og Ragnars Árnasonar, hæstaréttarskjali U.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað og gjafsóknarkostnað eru staðfest.

Áfrýjandi greiði stefndu 250.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur landamerkjadóms Skaftafellssýslu 19. nóvember 1975.

Mál þetta, sem dómtekið var 20. október sl., er höfðað með framlagningu skjala í dómi þann 30. apríl 1973 samkvæmt kröfu bændanna Jóns Pálssonar á Prestbakka og Þorbergs Jónssonar í Prestbakkakoti, jarðirnar eru báðar í Hörglandshreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.

Varnaraðili er Sigfús H. Vigfússon, eigandi og ábúandi Geirlands í Kirkjubæjarhreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.

Kröfur málshöfðenda eru þær, að Geirlandsá, þar sem hún nú rennur, ráði merkjum milli jarða þeirra og jarðarinnar Geirlands í Kirkjubæjarhreppi. Jafnframt er þess krafist, að varnaraðili, eigandi og ábúandi Geirlands, verði dæmdur til þess að greiða hæfilegan málskostnað eftir mati dómsins, svo sem málið væri ekki gjafsóknarmál. Þá gerði lögmaður málshöfðenda þá kröfu, að sér yrðu ákveðin talsmannslaun. Til vara er sú krafa gerð, að dómurinn ákveði landamerki í samræmi við brotna línu á dskj. nr. 27.

Varnaraðili hefur látið sækja þing og gert þessar dómkröfur *aðallega*: Landamerki jarðanna verði ákveðin þannig: Bein lína úr hömrnunum svörtu fyrir ofan austasta stekkin í Mörtungu-landi, sem hugsast dregin yfir hrygginn á Akurhóli og áfram sömu stefnu að Breiðbalakvísl.

Til vara: Bein lína, sem hugsast dregin eftir miðjum gömlum og nýjum Geirlandsáráurum frá hömrnunum svörtu fyrir ofan austasta stekkin í Mörtungu hið efra að Breiðbalakvísl.

Til þrautavara: Bein lína, sem hugsast dregin eftir miðjum Geirlandsáráurum frá hömrnunum svörtu fyrir ofan austasta stekkin í Mörtungu að Breiðbalakvísl. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja, hvernig sem málið fer, eins og ekki hafi verið veitt gjafvörn í málinu. Lögmaður stefnda hefur lagt fram reikning yfir útlagðan kostnað sinn af málinu.

Með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 28. ágúst 1972, er málshöfðendum veitt gjafsókn allt að kr. 30.000.

Með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 16. janúar 1973, er varnaraðilja veitt gjafvörn allt að kr. 20.000.

Sátt hefur verið reynd í málinu, en án árangurs.

Tílefni máls þessa er ágreiningur aðilja um mörk milli landa þeirra. Halda málshöfðendur því fram, að Geirlandsá ráði merkjum milli jarðanna, frá því að Þverá kemur í hana hið efra og þar til hún breytir nafni hið neðra í Breiðbalakvísl, en það er

þar, sem áin Stjórn fellur í hana að vestan. Styðja stefnendur kröfu sína við landamerkjalyýsingu prestsetursins Prestbakka með hjáleigunni Prestbakkakoti frá 4. júní 1890. Landamerkjalyýsing þessi er svohljóðandi: „Að austan er markið milli Prestbakka og Hörgdals úr Tvíþúfu á Hraunfelli beina línu í austur-öxlina á Há-Kaldbak, þaðan til afréttar. Suður á bóginn úr Tvíþúfu og beinustu línu í vörðuna á Hábrekku fyrir austan Prestbakkakot, í efri endann á Merkilág, svo beina línu í þvermarkið á söndunum fyrir framan Breiðbalakvísl.

Að vestan ræður Þverá og Geirlandsá. Þegar Geirlandsá sleppur er markalínan úr mynni hennar og beint í þvermarkið á söndunum fyrir sunnan Breiðbalakvísl.

Jörðin á upprekstur fyrir geldfénað á afrétt Síðumanna.“

Undir lýsingu þessa rita Bjarni Þórarinsson, Sigurður Sigurðarson, Kristófer Þorvarðarson og B. Bjarnason. Þá hefur Sigurður Ólafsson ritað undir landamerkjalyýsinguna sem ábúandi á Kirkjubæjarklaustri og sagst vera þessari merkjalýsingu samþykkur. Þá rita undir lýsingu Þórunn Sigurðardóttir, þ. e. hennar nafni er handsalað, og Eiríkur Bjarnason. Landamerkjalyýsing þessi var lesin á manntalsþingi að Kleifum 19. júní 1890 og rituð í landamerkjabók Skaftafellssýslu.

Ágreiningur er ekki með aðiljum, að svo hafi verið ritað.

Af hálfu varnaraðila eru bríður bornar á þessi landamerki. Styður varnaraðili aðalkröfu sína (dskj. nr. 24) við landamerkjalyýsingu úr úttektarbók beggja klaustranna, Kirkjubæjarklausturs og Þykkvabæjarklausturs, frá árinu 1843 til 1867, en þar er á bls. 32 úttekt á Geirlandi, sem fram fór 27. maí 1847. Í lok úttektarinnar er greint frá landamerkjum jarðarinnar, þar sem m. a. segir: „Að austan ræður Geirlandsá norðan til en að framan til svo að toppurinn á Akurhól beri í hamrana svörtu fyrir ofan austasta stekkin í Mörtungu. Að sunnan ræður opinn Stjórnarfoss.“ Undir úttekt þessa skrifar ábúandinn, Guðríður Jónsdóttir.

Á manntalsþinginu að Kleifum 19. júní 1890, sem áður er nefnt, eru jafnframt lesin landamörk þjóðjarðarinnar Geirlands í Vestur-Skaftafellssýslu. Landamerkjalyýsing þessi hljóðar svo: „Að austan og norðan ræður Geirlandsá þar til Þverá, sem er fyrir framan Mörtungu kemur í hana, svo beina línu suður að Klaustursmarki á Söndum, sem er eftir miðjum gömlum og nýjum Geirlandsáraurum. Svo aftur að vestan frá Klaustursmarki beina línu í Söðulstein, sem er á milli Merkur og Geirlands, svo í Bótasteini að bera í nef austan við Skollastíg, svo þaðan af

brúninni í vörðu á Staðarselsfelli, úr henni í vörðu framan við Helgafjallssenda, sem beri í öxlina hvössu fram í Geirlandshrauni. Þessi húfa endar við Stjórn, svo ræður hún norður úr að Eintúnaháls útmælda landi.

Afréttur fylgir með öðrum jörðum á Síðumannaafrétti að til-
tölu eftir jarðarmegni.“

Undir þetta ritar 24. maí 1890 Ólafur Pálsson, þáverandi umboðsmaður jarðarinnar. Á þessum árum er sýslumaður Skafta-
fellssýslu Sigurður Ólafsson, sá er áður er nefndur sem ábúandi á Kirkjubæjarklaustri. Við þessa síðastnefndu landamerkjalýs-
ingu studdi varnaraðili varakröfu sína upphaflega. Hann hefur þó breytt kröfunni nokkuð, eins og fram kemur á uppdrætti á dskj. nr. 24. Byggist sú breyting á því, að hann telur ekki mögu-
legt að miða við mót Þverár og Geirlandsár, þar sem ekki er um fastan punkt að ræða.

Á þeim tíma, sem landamerkjalýsingar jarðanna eru gerðar, er Geirland þjóðjörð, svo sem áður er komið fram, en Prestbakki er kirkjujörð. Þann 14. nóvember 1958 keypti Jón Pálsson bóndi, Prestbakka, jörðina samkvæmt heimild í lögum nr. 4 frá 26. febrúar 1946 um sölu þjóðjarða og kirkjujarða. Þann 4. október 1966 keypti Þorbergur Jónsson bóndi, Prestbakkakoti, jörðina af ríkissjóði með heimild í lögum nr. 102 frá 31. desember 1962. Í afsalsbréfi til Þorbergs segir, að rísi ágreiningur um landa-
merki, undanskilji seljandi sig allri ábyrgð. Geirland mun ríkis-
sjóður hafa selt föður núverandi ábúanda einhvern tíma nálægt aldamótum.

Nokkrar loftljósmyndir hafa verið lagðar fram, og eru þær helstar mynd frá 1938, mynd frá 1946 og mynd frá 1960. Aðrar myndir eru í minni mælikvarða.

Málshöfðendur hafa komið fyrir dóm og staðfest bréf, dagsett 5. september 1972, sem þeir skrifa Sigurði Ólasyni sem svar við bréfi hans, dags. 30. september 1972. Í bréfi málshöfðenda kemur fram, að ræktað land er Geirlandsmegin við markalínu samkvæmt aðalkröfu varnaraðilja. Þá kemur fram í bréfinu, að annars eru misjafnlega grónir aurar og vallendi, móar Geir-
landsmegin við línuna. Verulegt magn af aurunum teljist þó ógrónir. Þá kemur fram, að þeir telja Geirlandsá ekki hafa breytt farvegi sínum að ráði síðastliðin 20 ár. Þeir telja Prestbakka-
jarðirnar hafa haft veiðinytjar í Geirlandsá allt þar til núver-
andi eigandi Geirlands fór að amast við þeim nytjum. Þá kemur

fram í bréfinu, að land austan Geirlandsár hafi ekki verið nytjað frá Geirlandi, svo þeir viti til.

Jón Pálsson, bóndi á Prestbakka, sagði fyrir dóminum, að hann hefði flutt frá bænum Keldunúpi í Hörglandshreppi árið 1952 að Prestbakka. Hann taldi Geirlandsána hafa verið í svipuðum farvegi ofan brúar, síðan hann flutti að Prestbakka. Hins vegar kvaðst hann muna eftir því, þegar áin rann meðfram svonefndum Bringum skammt vestan við túnið á Prestbakka og þar suður á aurana. Hann sagði ána hafa breytt nokkuð um farveg sunnan brúarinnar og hefði hún brotið nokkurt land vestan megin, einkum fyrir sunnan og vestan gamla fjárrétt, sem stendur á vestari bakkanum. Hann kvaðst hafa veitt í lagnet í Geirlandsá, skömmu eftir að hann fluttist að Prestbakka, og hafi hann veitt á hverju ári, þar til veiðarfæri hans voru tekin upp úr ánni án hans vitundar. Sigfús H. Vigfússon, bóndi á Geirlandi, hafi tekið veiðarfærin upp. Hann kvaðst ekki hafa lagt net í ána eftir þetta til þess að koma í veg fyrir ófrið. Hann mundi ekki, hvaða ár netið var tekið upp, en taldi það hafa verið á fyrstu búskaparárum sínum á Prestbakka. Hann vissi ekki um nytjar fyrri Prestbakkabænda í Geirlandsá. Hann kvaðst aldrei hafa heyrt annars getið en Geirlandsá réði mörkum milli Prestbakka og Prestbakkakots annars vegar og Geirlands hins vegar, áður en hann fluttist að Prestbakka. Það væri ekki nema 2—3 ár síðan hann heyrði því fyrst haldið fram, að önnur mörk væru á milli jarðanna en Geirlandsá. Hann kvaðst hafa ræktað túnið umhverfis Akurhól fyrir um það bil 4 árum og hefðu engar mótbárur komið fram gegn því af hálfu Geirlandsbónda.

Þorbergur Jónsson, bóndi í Prestbakkakoti, kvaðst hafa flutt þangað árið 1921 og hafa verið þar óslitið síðan.

Hann sagði, að þegar hann kom að Prestbakkakoti, hefði Geirlandsá runnið austan megin á aurunum fram með svonefndu Bringuvafi vestan við Prestbakkatún í svonefndan Búrhyl. Þaðan hafi hún runnið suður og vestur á þær slóðir, sem hún rennur nú. Skömmu eftir að hann flutti að Prestbakkakoti, hafi Geirlandsá breytt farvegi sínum á svæðinu ofan við brúna. Hann segir, að hún hafi runnið þá eftir farvegi vestan til á aurunum á svipuðum slóðum og hún rennur nú eða litlu vestar. Hann mundi ekki, hvenær hann byrjaði fyrst veiði í Geirlandsá, en taldi það hafa verið um eða laust fyrir 1930. Hann kvaðst hafa veitt í ánni óslitið um 30 ára skeið, bæði í lagnet og ádráttarnet. Hann kvaðst í uppvexti sínum ekki hafa heyrt um önnur landa-

merki milli Prestbakka og Prestbakkakots annars vegar og Geirlands hins vegar en Geirlandsá. Hann hafi fyrst fyrir tveimur árum heyrt, að til væri merkjalína milli framangreindra jarða, sem lægi um Akurhól. Hann sagði, að Geirlandsá hefði brotið land að vestanverðu síðustu áratuginu, aðallega fyrir sunnan og vestan fjárréttina, sem stendur á vesturbakka árinna. Sagði hann, að áin hefði brotið ca 25—30 m breiða spildu ofan við fjárréttina og enn breiðari spildu sunnan réttar frá árinu 1942, en þá hafi brúin yfir ána verið byggð. Hann kvaðst muna þetta greinilega, því hann hafi unnið við að byggja brúna.

Sigfús Helgi Vigfússon, varnaraðili máls þessa, hefur komið fyrir dóm. Hann kvaðst vera fæddur á Geirlandi í Kirkjubæjarkhelli árið 1902 og hafa verið þar lengst af síðan. Hann sagði, að frá því er hann fyrst myndi eftir sér, hefði Geirlandsá verið að brjóta land vestan megin á svæðinu fyrir sunnan brúna. Hann gat ekki sagt, hversu mikið land Geirlandsá hefði brotið sunnan brúar, en sagði þar vera um verulegt landsvæði að ræða og ekki undir 100 m það land, sem hún hefði brotið austan af gömlu fjárréttinni. Langmest af þessu landi hafi áin brotið fyrir 1942, er brúin var byggð. Fyrir norðan brúna hefði áin ekki brotið mikið land nema gróna aura. Til skýringar lagði hann fram loftmynd, þar sem hann hefur markað rauða óbrotna línu, sem sýnir mörk áður óbrotins lands, eins og það var fyrst, þegar hann man eftir sér. Með rauðri punktalínu hefur hann markað grónu aurana, sem hann telur ána hafa brotið norðan brúarinnar. Loftmynd þessi er þingmerkt sem dskj. nr. 20.

Af hálfu varnaraðila hefur verið lagt fram vottorð, dags. 26. maí 1973. Vottorðið er undirritað af Sigurði og Eiríki Skúlasonum frá Mörtungu og Jóni og Bjarna Bjarnasonum frá Hörgsdal. Mörtunga á merki bæði að Prestbakka og Geirlandi. Hörgsdalur á merki að Prestbakka að austan. Vottorðið hljóðar svo: „Við undirritaðir, sem fæddir erum og uppaldir í næsta nágrenni við jarðirnar Geirland og Prestbakka, vottum hér með, að við heyrðum aldrei í okkar uppvexti getið um aðra landamerkjalinu milli nefndra jarða en þá, sem hugsast dregin úr Stekkhamri í Mörtungulandi í beina stefnu á Blesalandshól í Landbroti.

Landamerkjalinu þessi er nánast hin sama og lína sú, sem liggur um toppinn á Akurhól og skráð er í gömlum úttektargerðum fyrir jörðina Geirland.“

Eiríkur Skúlason hefur komið fyrir dóminn og staðfest þetta


vottorð. Eiríkur er fæddur 5. nóvember 1902. Hann er fæddur og uppalinn í Mörtungu og kvaðst hafa átt þar heima til 1930, en hafi þá flust að Prestbakka og hafi búið þar í 2 ár. Síðan hafi hann verið 1 ár í Mörtungu, en flust þaðan að Þykkvabæ í Landbroti 1934, þar sem hann hafi búið í 10 ár. Árið 1944 hafi hann flust að Kirkjubæjarklaustri og verið þar vinnumaður í 8 ár, eða til ársins 1952. Þá hafi hann flust að Hunkubökkum í Kirkjubæjarhreppi og verið þar í 2 ár, en árið 1954 hafi hann flust alfarinn úr héraðinu. Hann sagði lítið hafa verið rætt um merki Geirlands og Prestbakka í uppvexti sínum, en kvaðst minnst þess að hafa heyrt Jón Einarsson, síðast til heimilis að Kirkjubæjarklaustri, dáinn 1918, segja, að landamerkin væru úr Blesalandshóli um Akurhól og í Svartkollusteina, sem vitnið telur, að sé það sama og Stekkhamar. Þessi Jón Einarsson hafi um skeið verið vinnumaður á Prestbakka og Geirlandi, en hafði búið sinn búskap í Prestbakkakoti. Hann sagði Geirlandsbónda ekki hafa nytjað land austan Geirlandsár, enda hafi ekki verið um mikið graslendi að ræða sunnan Akurhóls í þá daga. Hann kvað ána hafa skipt búfénaðargöngu milli bæjanna. Hann sagði, að fyrst þegar hann muni eftir Geirlandsá, hafi hún runnið um svokallað Kleifarnef. Hann mundi ekki, hvenær þetta var. Áin hafi slegið sér frá Kleifarnefi og austur að Bringnahorni og þar meðfram Bringnarofi og vestur undir Krossgil. Áin hafi runnið þessa leið í nokkuð föstum farvegi fram yfir 1930. Þegar áin kom suður fyrir Krossgil, hafi hún breitt úr sér suður aurana og hafi ein kvísl hennar runnið suður með grasfit vestan undir rofinu, vestan undir Prestbakkatúninu og þaðan í Búrhyl. Þegar komið var fram á móts við svonefndan Akurhól, hafi áin farið að slá sér til vesturs og alla leið að bökkunum, þar sem brúin yfir ána stendur nú. Hann kvað Geirlandsá ekki síðar en um síðustu aldamót hafa byrjað að brjóta land að vestan og hafi haldið því áfram síðan. Hann sagði ána hafa brotið meira sunnan brúar en norðan, m. a. engjar frá Geirlandi. Ofan brúar hafi áin einnig brotið graslendi. Hann sagði afa sinn, Jón Vigfússon, hafa flust að Geirlandi árið 1887 og hafa búið þar til dauðadags 1889. Hann kvaðst minnst þess, að árið 1910 hafi hann verið á ferð með föðurbróður sínum, Jóni Jónssyni, í vorsmölun. Við gamla lög-rétt, sem staðið hafi vestan Geirlandsár, töluverðan spöl frá aurunum, hafi Jón sagt við hann: „Nú er hún búin með Björns-hólmann“. Hann kvaðst ekki vita fyrir víst, hvar þessi Björns-hólmi var, en telur hann hafa verið í háaustur frá réttinni.

Hann kvaðst aðeins einu sinni hafa veitt í Geirlandsá, meðan hann bjó á Prestbakka. Það hafi verið í ádráttarnet og með honum hafi verið Þorbergur Jónsson, bóndi í Prestbakkakoti. Hann sagði, að í þá daga hafi hver og einn veitt, þar sem honum sýndist, enda þótt hann ætti þar ekki land að. Þetta hafi verið látið óátalið af landeigendum. Hann sagði, að þegar hann var bóndi á Prestbakka, hafi hann séð þar landamerkjabréf, undirritað af ábúendum Geirlands, Prestbakka, Mörtungu og Eintúnahálsi, en það voru Ásgeir Blöndal héraðslæknir, Geirlandi, Bjarni Þórarinsson prestur, Prestbakka, Eiríkur Bjarnason og Oddur Oddsson, bændur í Mörtungu, og Ketill Einarsson, bóndi á Eintúnahálsi. Samkvæmt þessu landamerkjabréfi hafi mörkin á milli Geirlands og Prestbakka verið um Blesalandshól, Akurhól og í Stekkjahamar. Hann kvaðst ekki muna, hvenær bréfið var gefið út, en sagði, að Ásgeir Blöndal hefði verið á Geirlandi frá árinu 1883 til ársins 1887. Ketill Einarsson hafi ekki byrjað búskap á Eintúnahálsi fyrr en árið 1884. Hann upplýsti, að hann og varnaraðili þessa máls væru bræðrasynir.


Sigurður Skúlason, sem fæddur er 30. ágúst 1916, hefur komið fyrir dóminn og staðfest undirritun sína á vottorði því, sem áður er nefnt, og staðfest vottorðið sem rétt.

Hann kvaðst vera fæddur og uppalinn í Mörtungu í Hörglandshreppi, hafa dvalist þar til ársins 1939. Eftir það hafi hann verið til sjós um skeið, en dvalist annað slagið í Mörtungu. Hann hafi verið á Kirkjubæjarklaustri í 1 ár, en flust til Reykjavíkur árið 1954. Hann mundi ekki eftir því, að Geirlandsbóndi nytjaði land austan Geirlandsár. Hann sagði, að þegar hann myndi fyrst, hafi Geirlandsá runnið austur að svonefndu Bringnarofi og þaðan að Krossgili. Þá hafi verið dálítill grassléttur vestan við túnið á Prestbakka og vestan við hana hafi runnið dálítill áll úr ánni í svonefndan Búrhyl, sem er alveg vestan við Akurhól.

Hann kvaðst greinilega muna, að áin hefði runnið svona 1936, en 1936 hafi áin farið að renna suðvestur á bóginn og runnið þá um skeið suður úr miðjum aurum eða nálægt því. Hún hafi þó ekki runnið í einum farvegi, því lengi eftir þetta hafi áll runnið í Búrhyl. Hann sagði, að kringum árið 1936 hefðu verið þarna grassléttur miklar, sem slegnar voru frá Geirlandi, að því er hann heyrði sagt. Graslendi þetta hafi náð austur undir miðja aura árinna, eins og þeir eru nú. Lækur hafi runnið eftir graslendi þessu, sem nefndist Auralækur. Þegar áin tók að færa sig vestur á bóginn eftir 1936, fór hún að brjóta þetta graslendi



Landamertjalin



.....
 táknar austurmörk Geirlandsauna, samtíð
 alhugunum Jóns Jónssonar, jarðfr.

Víð gerð grunnkorts var notuð stækkuð loft-
 ljósmynd tekin af bandanlyfshver 1960.
 Landamerkjalinur, eru dregnar samkv. fignir-
 sögn áttíggjanda, eining var stúðst víð
 dómsskyldu úr héraði.

Mælikvarði 1:10000


Sjórnarfoss

Á þennan upprátt Skúla Jóhannssonar er færð landa-
 merkjalin milli jarðanna Geirlands annars vegar og
 Prestbakka og Prestbakkakots hins vegar, skv. dómi
 Hæstaréttar í hæstaréttarmáli nr. 164/1976

Ennfremur voru færðir á uppráttinn víðaukar eftir sömu loflíðsmynd
 og leiðréttingar og skýringar eftir mælingum, sem gerðar voru
 í júní 1979.

Þetta 2. frumrit er gert í júní 1979 af Ragnari Árnasyni verkfr.

Ljósrit dagsett



Hæstaréttarskjal U.

Hæstaréttardómar 1979, bls. 846—862, mál nr. 164/1976.

og bera það auri smátt og smátt og hafi það tekið ána nokkur ár að eyða þessu landi. Hann giskaði á, að það hafi tekið hana 10 ár. Hann segir, að á uppvaxtarárum sínum í Mörtungu hafi ekki verið talað um veiðirétt og hafi menn veitt þar í ánni, enda þótt þeir ættu ekki land að. Hann sagði, að Geirlandsá hefði brotið grasigróna bakka vestan megin, sunnan brúarinnar, sem nú er. Ekki vissi hann fyrir víst, hversu mikið landbrotið væri, en sagði það þó nokkuð mikið. Þetta vitni og varnaraðili eru bræðrasynir. Hann kvaðst hafa farið úr héraðinu í kringum 1944.

Málshöfðendur byggja kröfur sínar alfarið á landamerkja-bréfi Prestbakkajarðar frá 4. júní 1890. Þeir halda því fram, að bréfið sé undirritað af Þórunni Sigurðardóttur, þáverandi ábúanda Geirlands, vegna jarðarinnar svo og öðrum fyrirsvarsmönnum aðliggjandi jarða. Bréf þetta kveði skýrt á um, að Geirlandsá ráði merkjum, en það sé einmitt ágreiningsefnið í þessu máli. Hér sé um að ræða hin sjálf sögðu og eðlilegu náttúrulegu mörk, enda algeng og venjuleg á milli jarða hér á landi allt frá landnámstíð. Vilji varnaraðili halda öðru fram en að áin ráði merkjum, þá hvíli sönnunarbyrðin öll á honum. Þá halda þeir því fram, að ekki sé annað fram komið en Geirlandsá renni nú eins og hún hafi alltaf runnið, a. m. k. síðustu 20 árin, en það sé nægilegt samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923, 8. gr., 3. tl., til þess að hún teljist hafa runnið þar frá fornu fari. Engu máli skipti í þessu sambandi, þótt ár slái sér eitthvað til á flatlendi eða eyrum, sem oft vilji verða.

Þá er því haldið fram af hálfu málshöfðenda, að ekki þýði fyrir varnaraðilja að vefengja undirskriftir merkjabréfsins, jafnvel þó svo yrði litið á, að undirskriftir prestsins, sýslumannsins sem ábúanda Kirkjubæjarklausturs og Þórunnar Sigurðardóttur á Geirlandi hafi ekki ráðstöfunargildi (þar sem þau hafi ekki verið eigendur jarðanna), þá hafi þau í öllu falli fullt vitnisburðagildi um það, hvernig landamerki hafi verið og virt á þessum tíma. Engin mótmæli eða athugasemdir hafi komið fram gagnvart undirskriftum þessum. Það verði að athugast sérstaklega, að skömmu áður hafi umboðsmaðurinn á Höfðabrekku (það mun vera Ólafur Pálsson) verið að fitja upp á annarri merkjalýsingu, þ. e. merkjalýsing sú, sem varakrafa varnaraðilja er studd við, en auðsjáanlega hafi hann hvorki fengið prestinn né ábúendur Geirlands til að skrifa undir, sem hann þó hljóti að hafa reynt. Ábúandi Kirkjubæjarklausturs, sjálfur sýslumaðurinn, hafi heldur ekki ritað undir lýsinguna.

Vitanlega hafi þessir aðiljar þekkt betur til merkjanna en umboðsmaðurinn, en hann hafi verið búsettur í fjarlægri sveit. Hins vegar virðist þessi tilraun umboðsmannsins verða til þess, að hlutaðeigendur gangi í það strax á eftir að gera lögboðlegt landamerkjabréf fyrir Prestbakkajarðir. Þá er á það bent, að bændur Prestbakkajarðanna hafi ávallt nytjað allt land vestur að Geirlandsá svo og veiði þar óátalið af Geirlandsmönnum. Geirlandsbændur hafi hins vegar aldrei nytjað land austan árinna. Hvaða skilningur sem annars yrði lagður á merkjabréf jarðanna, hljóti það að vera ótvírætt, að bændur Prestbakkajarðanna hafi fyrir löngu unnið hefð á öllu landi vestur að á, og þar á meðal einnig á veiði í ánni að hálfu á móti Geirlandsmönnum.

Varnaraðili byggir aðalkröfu sína á framlögðu ljósriti úr úttektarbók umboðsmanna Kirkjubæjarklausturs 1843 til 1867. Ástæður þess, að hann víkur frá orðalagi skjalsins, eru þær, að Stjórnarsandur hefur verið seldur eigendum Kirkjubæjarklausturs, þannig að landamerki jarðanna munu liggja um Breiðbálavísl. Úttekt á jörðinni Geirlandi, sem miðað er við, fór fram hinn 27. maí 1847.

Þá vitnar hann til þess, að á bls. 189 í úttektarbók Klaustursjarða sé að finna úttekt á jörðinni Geirlandi, sem fram fór í júnímánuði 1857. Um landamerki jarðarinnar sé þar vísað til þeirrar úttektargerðar, sem vikið er að hér að framan.

Varnaraðili bendir á, að Akurhólslínan svonefnda sé viðmiðunarlína í landamerkjum fleiri jarða en þeirra, sem hér eiga hlut að máli. Í því sambandi bendir hann á landamerkjalyýsingu fyrir Kirkjubæjarklaustur, dskj. nr. 25. Þá bendir hann jafnframt á úttektargerð fyrir Klaustursjörðina Breiðabólstað, sem fram fór hinn 27. maí 1847, dskj. nr. 29. Í landamerkjalyýsingu úttektarmanna segi svo m. a.: „Fyrir vestri útnorður er bein stefna í toppinn á Akurhól í Klettana upp yfir austasta stekkin í Mörtungu.“ Varnaraðili bendir á, að Geirlandsá hafi færst töluvert vestur um á landsvæði því, sem um er deilt í máli þessu. Af þeim sökum sé augljóst, að landeigendur hafi viljað binda landamerkin við eitthvað fastara og ákvæðnara en Geirlandsá, og sé það skýringin á Akurhólslínunni svonefndu.

Varakröfu sína byggir varnaraðili á landamerkjalyýsingu, skráðri í landamerkjabók Vestur-Skaftafellssýslu 1890. Lýsing þessi hefur áður verið rakin. Segir varnaraðili, að skýra verði dómsskjal þetta sem málamiðlun af hálfu umboðsmanns Klaust-

ursjarða við ákveðnum kröfum Prestbakkaklerks, sem komi fram í landamerkjálýsingu fyrir Prestbakka frá sama ári. Hann bendir á, að Ólafur Pálsson, sá sem undirritar landamerkjálýsingu Geirlands, hafi verið umboðsmaður Klaustursjarða á þessum tíma og allar jarðir, sem að Geirlandi liggi á þessum tíma, séu Klaustursjarðir og byggðar leiguliðum, að Prestbakka einum undanskildum, sem þá hafi verið kirkjújörð. Á það er bent, að í 1. gr. landamerkjalaga nr. 5/1882 segi: „Skyldur er hver landeigandi að halda við glöggum landamerkjum fyrir jörð sinni, hvort sem hann býr á henni sjálfur eða leigir hana öðrum. Umsjónarmenn þeirra jarða, sem ekki eru einstakra manna eign, hafa sömu skyldu að gæta að því er til slíkra jarða kemur.“ Í 3. gr. segir m. a.: „Eigandi eða umráðamaður hvernar jarðar er skyldur að skrásetja nákvæma lýsingu á landamerkjum jarðar sinnar eins og hann veit þau réttust.“ Með hliðsjón af tilvitnuðum ákvæðum landamerkjalaganna frá 1882 telur varnaraðili, að Ólafur Pálsson umboðsmaður hafi farið að lögum í einu og öllu um umrætt landamerkjabréf og hafi engin ástæða verið til þess að fá undirskrift leiguliða nærliggjandi jarða. Á það er jafnframt bent, að Ólafur Pálsson umboðsmaður hafi búið á Hörgslandi frá 1853 til 1866, er hann fluttist að Höfðabrekku og þar hafi hann búið til æviloka. Sem ábúandi Hörgslands hljóti Ólafur að hafa verið gerkunnugur staðháttum á þeim jörðum, sem um ræði í málinu. Ganga megir út frá því sem vísu, að Ólafur hafi einnig vitað um Akurhóslínuna svonefndu og af þeim sökum hljóti landafsal það, sem komi fram í landamerkjálýsingunni í landamerkjabók, að vera tilraun umboðsmannsins til að setja niður deilur um landamerki, sem sýnilega hafi risið á þessum tíma á milli Prestbakka og Geirlands. Að mörgu leyti sé sanngjarnt að setja niður merkin milli jarðanna eins og gert sé í varakröfunni.

Þá bendir varnaraðili á, að heimildir séu fyrir því, að Geirlandsá hafi runnið víða um hið umdeilda landsvæði. Nefnir hann í því sambandi úttektargerð, sem sé að finna á bls. 236 í æfisögu séra Jóns Steingrímssonar. Segir þar, að klerkur hafi hreinsað engi Prestbakka af grjóti, sem Geirlandsá hafi árlega borið á engið. Þá bendir hann á framlagt kort, sem gert er samkvæmt mælingum frá 1904, og telur, að á því sjáist, að nokkrar breytingar hafi orðið á rennsli árinnar, frá því að mæling þessi var gerð og þar til nú. Til hins sama bendi framlagðar ljósmyndir. Þá mótmælir varnaraðili sérstaklega landamerkjálýsingu

þeirri fyrir Prestbakka, sem málshöfðendur byggi á, og dregur í efa áreiðanleik skjalsins. Þrautavarakrafa varnaraðilja varðar tilmæli til landamerkjadóms um að setja niður landamerki jarðanna fyrir miðjum gömlum og nýjum Geirlandsáraurum án til-lits til efnis ofangreindra skjala.

Dómendur hafa farið á vettvang með aðiljum og skoðað stað-hætti alla.

Varnaraðili hefur látið gera uppdrátt og látið teikna á hann markalínur samkvæmt aðalkröfu og varakröfu (dskj. nr. 24).

Krafa sóknaraðilja er á þá leið, eins og að framan greinir, að Geirlandsá verði látin ráða landamerkjum milli Prestbakka og Prestbakkakots annars vegar og Geirlands hins vegar, svo sem áin fellur nú. Er krafa þessi fyrst og fremst byggð á fyrrgreindri landamerkjalýsingu Prestbakka og Prestbakkakots frá 4. júní 1890, en þar segir m. a.: „Að vestan ræður Þverá og Geirlandsá. Þegar Geirlandsá sleppur er markalínan úr mynni hennar og beint í þvermarkið á söndunum fyrir framan Breiðbalakvísl.“ Á þessa kröfu verður hins vegar ekki fallist. Með framburði vitna og skýrslum sóknaraðilja sjálfra er í ljós leitt, að megin-rennsli Geirlandsár var áður miklum mun austar og þá frá Bringnahorni niður með svonefndu Bringnarofi, skammt vestan við túnið á Prestbakka, eins og ráðið verður af ummerkjum á vettvangi. Má ganga út frá því, að Geirlandsá hafi fallið með þeim hætti, er síðastgreind landamerkjalýsing var gerð 4. júní 1890. Hefur krafa sóknaraðilja og einkum verið studd þeim rök-um hér fyrir dómi, að landamerki eigi að fylgja ánni. Sú skoð-un á sér eigi lagastoð, sbr. 2. mgr. 3. gr. vatnalaga nr. 15/1923.

Hinn 24. maí 1890 gaf Ólafur Pálsson, þáverandi umsjónar-maður Geirlands, yfirlýsingu um merki jarðarinnar, eins og áður er lýst. Í yfirlýsingu þessari greinir meðal annars svo frá merkjum: „Að austan og norðan ræður Geirlandsá þar til Þverá, sem er fyrir framan Mörtungu kemur í hana, svo bein lína suður að Klausturmarki á Söndum, sem er eftir miðjum gömlum og nýjum Geirlandsáraurum.“ Þótt landamerkjalýsing þessi beri ekki með sér, að hún hafi verið sýnd fyrirsvarsmönnum þeirra jarða, er land áttu að Geirlandi, verður að telja hana hafa verið bindandi fyrir eiganda Geirlands samkvæmt ákvæðum 3. gr. þá-gildandi landamerkjalaga nr. 5/1882. Rök eru þannig ekki til að líta svo á, að fyrrgreind lýsing landamerkja í úttektargerð-inni frá 1847 geti hnekk þessum merkjum, samkvæmt síðara

landamerkjabréfi, og verður aðalkrafa sóknaraðilja því ekki tekin til greina.

Fyrrgreind landamerkjálýsing Prestbakka og Prestbakkakots var eigi undirrituð af umsjónarmanni Geirlands, Ólafi Pálssyni, né öðrum þeim, sem til þess voru bærir samkvæmt 1. gr. landamerkjálaga nr. 5/1882, svo skuldbindandi væri fyrir eiganda jarðarinnar. Er landamerkjálýsing þessi því ekki bindandi um landamerki Geirlands. Auk þess verður ekki talið, að landamerkjálýsing, þ. e. sú síðastgreinda, verði ekki samrýmd fyrrgreindri landamerkjálýsingu Geirlands frá 24. maí 1890. Ekki er óhjákvæmilegt að líta svo á, að í landamerkjálýsingu Prestbakka og Prestbakkakots frá 4. júní 1890 sé miðað við meginrennsli Geirlandsár á þeim tíma, sem lýsingin er gerð, heldur geti verið miðað við þá aura, sem þá var sýnilegt, að áin hafði kvíslast um. Samkvæmt því má líta á landamerkjálýsingu Geirlands frá 24. maí 1890 sem nákvæmari en landamerkjálýsingu Prestbakka og Prestbakkakots frá 4. júní 1890. Gegn ósamræmi í raun mælir og, að merkin eru gerð á svipuðum tíma og þeim lýst á þingi sama dag.

Samkvæmt því, sem að framan hefur verið rakið, ber að draga landamerki í máli þessu eftir aurum Geirlandsár með hliðsjón af staðháttum og landamerkjálýsingu fyrir Geirland frá 24. maí 1890. Hefur dómurinn dregið línu þessa frá punkti A í beina stefnu að punkti B, eins og fram kemur á meðfylgjandi uppdrætti, gerðum í nóvember 1975 af Ragnari Árnasyni verkfræðingi.

Samkvæmt niðurstöðu máls þessa þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Dómsmálaráðuneytið hefur veitt málshöfðendum takmarkaða gjafsókn og varnaraðilja takmarkaða gjafvörn. Í XI. kafla laga nr. 85/1936, sem fjallar um gjafsókn, geymir ekki ákvæði um takmarkaða gjafsókn eða gjafvörn, svo sem ákveðið er í gjafsóknarleyfi og gjafvarnarleyfi. Í leyfunum er ekki gerð grein fyrir því, hvernig ætlast sé til, að takmörkun þessari sé beitt gagnvart mismunandi þáttum kostnaðar, sbr. 173. gr. laga nr. 85/1936. Með hliðsjón af ótvíræðum ákvæðum þessarar tilvitnuðu greinar þykir á skorta, að lagagrundvöllur sé fyrir takmörkunum þeim, sem felast í gjafsóknarleyfi og gjafvarnarleyfi málsaðilja. Því ber að dæma ríkissjóð til að greiða sóknaraðiljum kostnað þeirra af málinu, þar með talin laun talsmanns þeirra, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 120.000. Þá ber

ríkissjóði að greiða varnaraðilja kostnað hans af málinu, sem samkvæmt framlögðum reikningi nemur kr. 21.255, að viðbættum launum talsmanns varnaraðilja, Skúla J. Pálmasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 120.000.

Dóm þennan kváðu upp Hrafn Bragason borgardómari, Gaukur Jörundsson prófessor og Magnús Thoroddsen borgardómari. Dómsuppsaga hefur dregist, þar sem dómendur þurftu að afla sér uppdráttar þess, sem hér fylgir með.

Dómsorð:

Markalína milli jarðanna Prestbakka og Prestbakkakots annars vegar og Geirlands hins vegar ákveðst dregin eftir Geirlandsáraurum frá punkti A í beina stefnu að punkti B, eins og fram kemur á framangreindum uppdrætti.

Málkostnaður fellur niður.

Kostnaður málshöfðenda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun talsmanns þeirra, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 120.000. Kostnaður varnaraðilja, kr. 21.255, og laun talsmanns hans, Skúla J. Pálmasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 120.000, greiðist úr ríkissjóði.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.
